



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði, 12. mál**

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreinda þingsályktun, sbr. þingskjal 12. Samkvæmt tillögunni er ríkisstjórn ætlað að skipa nefnd sem geri úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði og setji fram tillögur um hvernig styrkja megi stöðu neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum.

Í greinargerð með tillögunni segir m.a.: „Markmið stjórnvalda á að vera að íslensk neytendavernd á fjármálamarkaði sé ekki síðri en best gerist á Vesturlöndum.“ og „Reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt er að ríkisvaldið hafi virkt eftirlit með fjármálafyrirtækjum.“

Ekki kemur fram í greinargerðinni í hverju neytendavernd hér á landi er helst ábótavant. Verði af samþykkt tillögunnar er nauðsynlegt að leiða það fyrst fram áður en farið er að huga að nýrri opinberri stofnun eða að leggja viðbótarálögur á fjármálafyrirtæki. Ef slík athugun leiðir í ljós að neytendavernd á fjármálamarkaði sé svo ábótavant að brýnt sé að auka hana þá hlýtur fyrsti kosturinn að koma henni fyrir í stofnun sem er fyrir hendi, s.s. Fjármálaeftirlitinu, í stað þess að stofna nýja opinbera stofnun.

Rétt er að minna á að í bönkunum starfa óháðir umboðsmenn viðskiptavina í samræmi við tilmæli ríkisstjórnarinnar frá 2. desember 2008. Umboðsmennirnir hafa m.a. það hlutverk að sanngimi og hlutlægni sé gætt við úrlausn mála, að viðskiptavinum sé ekki mismunað með óeðlilegum hætti og að ferli mála og mikilvægar ráðstafanir séu gegnsæ og skráð.

Íslensk stjórnvöld leggja verulegar álögur á fjármálafyrirtæki umfram önnur fyrirtæki. Samtals er hér um að ræða um 15 ma.kr. óafkomutengdar álögur sem fjármálafyrirtækjum er ætlað að greiða í ríkissjóð og Tryggingasjóð innistæðueigenda á árinu 2012 umfram almenna skattheimtu. Fjármálafyrirtæki kosta að fullu starfsemi Fjármálaeftirlitsins og Umboðsmanns skuldara og er kostnaður þessara stofnana áætlaður 2,9 ma.kr. á árinu 2012. Fjármálafyrirtæki greiða a.m.k. jafn háa fjárhæð af eigin rekstri vegna vinnu við að þjónusta og svara fyrirspurnum frá umræddum stofnunum. Ætla verður að þessar fjárhæðir ættu að vera nægar til að tryggja virkt eftirlit ríkisvaldsins með fjármálafyrirtækjum, einkanlega þar sem að umfang þeirra á Íslandi hefur skoppið verulega saman og ólíklegt er að þær vaxi í fyrri stærð á næstu árum. Þá er núverandi umfang starfsemi Umboðsmanns skuldara afleiðing hruns viðskiptabankanna fyrir þremur árum og ætti að dragast saman á næstu árum.

Í umhverfi gjaldeyrishafta verður fyrmefndum álöögum á fjármálastofnanir ekki mætt með öðrum hætti en að fækka fólki eða hækka þjónustutækjur og vaxtamun. Teljist ástæða til að auka enn á eftirlit með fjármálafyrirtækjum er vandséð að til staðar sé svigrúm til frekari skattlagningar á fjármálafyrirtækin til að fjármagna það.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Traust þegnanna á bankakerfinu er hverri þjóð mikilvægt. Það er mat SA að enn aukið eftirlit ríkisvaldsins með fjármálafyrirtækjum auki ekki traust þegnanna á bankakerfinu sem neinu nemur. Lítið traust Íslendinga á bankakerfinu um þessar mundir kemur ekki á óvart og tengist fyrst og fremst bönkum sem starfa ekki lengur og skuldaflækju sem einstaklingar og fyrirtæki standa frammi fyrir.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

